Fjölbrautaskóli Suðurlands

HLIT2GB01C

Hárlitun 3

**Kennsluáætlun – Vorönn 2020**

**Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir** earnaarna@fsu.is

**Áfangalýsing:** Nemandinn öðlast aukna færni í litun fyrir dömur og herra og þjálfast í að bera lit í hár innan ákveðins tímaramma. Þekking og færni við ólíkar aðferðir í litatækni og strípulitun er efld. Kynnt er litaleiðrétting auk forlitunar og þjálfuð gerð verklýsinga og að vinna út frá þeim. Unnið er með æfingahöfuð og módel.

**Markmið áfangans:**

**Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- tilgangi forlitunar og aðferðum við hana.
- ólíkum aðferðum við litun s.s. heillitun, partalitun og strípulitun.

**Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- greina náttúrulit viðskiptavinar út frá litaspjaldi, velja og blanda hárlit samkvæmt því.
- blanda saman ólíkum aðferðum við hárlitun.
- blanda liti til litaleiðréttingar.
- vita hvenær forlitunar er þörf.

**Hæfni : Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- greina náttúrulit viðskiptavinar út frá litaspjaldi, velja og blanda hárlit samkvæmt því.
- blanda saman ólíkum aðferðum við hárlitun.
- þekkja liti til litaleiðréttingar og forlitunar.

**Námsmat** Símat